

NaNO Fréttabréf – September 2015

Hvað höfum við gert í júní, júlí og ágúst?

NaNO – náttúrufræði fyrir grunnskólakennara, endurmenntunarnámskeið fyrir grunnskólakennara í Garðabæ. Námskeiðinu lauk með þriggja daga lotu þar sem þátttakendur voru fyrstu tvo dagana í Stakkahlíð og fengu að vinna verklegar æfingar í náttúrufræði sem þau Eggert Lárusson, Haukur Arason og Hrefna Sigurjónsdóttir höfðu umsjón með. Þriðja og síðasta daginn fór hópurinn - undir frábærri leiðsögn Eggerts – að Búrfellsgjá. Þrátt fyrir rok og rigningu var ferðin góð og eftirminnileg. Almennt voru þátttakendur mjög ánægðir með námskeiðið.

Sótt var um fjóra styrki sem NaNO verkefnið kemur að í Endurmenntunarsjóð grunnskóla. Styrkir fengust fyrir öll verkefni en þó einungis að hluta. Sótt var um í samstarfi við

- Landgræðslu ríkisins vegna námskeiðs fyrir kennara í tilefni alþjóðlegs árs jarðvegs,
- Kópavog vegna námskeiðs fyrir starfandi kennara um náttúrufræði (sambærilegt því haldið var fyrir kennara í Garðabæ á þessu ári),
- Mosfellsbæ vegna námskeiðs fyrir starfandi kennara um náttúrufræðimenntun og upplýsingatækni,
- Árborg um námskeið fyrir grunnskólakennara sem Barnaskóli Eyrarbakka og Stokkseyrar hefur mótað en vill ráða verkefnisstjóra NaNO til að fullmóta og stýra.

NaNO stóð fyrir vinnuvikum náttúrufræðikennara í sumar. Hópur kennara var að störfum í húsnæði Menntavísindasviðs við Bolholt 6 við að vinna og staðfæra námsefni fyrir náttúrufræðikennara sem mun svo birtast í NaNO gagnabankanum. Fyrri vinnuvikan var mánaðarmótin júní/júlí og voru þá fjórir náttúrufræðikennarar að störfum. Síðari vinnuvikan var um miðjan ágúst og var þá fjöldinn sjö. Kennararnir létu vel að vinnunni sem nýtist jafnt NaNO gagnabankanum sem og þeim sjálfum.

Sóttur var opinn fundur um áhrif loftslagsbreytinga á lífríki sjávar í fyrirlestrarsal Þjóðminjasafnsins. 2. júní.

Fundað með Kristínu Harðardóttur, forstöðumanns Menntavísindastofnunar, um samráð og samstarf.

Unnið var áfram að undirbúningi FIRST LEGO League keppinnar í samstarfi við VoN og MarkSam. Meðal annars var vinnufundur sóttur á vegum LEGO í Billund í Danmörku í lok júní.

Hvað er framundan?

Undirbúningur fjögurra námskeiða með styrkjum frá Endurmenntunarsjóði grunnskóla.

Vinna áfram að *NaNO Gagnabanka*. Við setjum fleiri kennslueiningar í bankann ásamt því að vinna að frekari útfærslu á útliti og tæknilegum atriðum.

- Við fáum til liðs við okkur starfandi kennara til að prófa verkefnið í sinni kennslu og endurbæta gagnabankann eftir ráðleggingum frá þeim.
- Sérfræðingar lesa yfir texta verkefnanna í bankanum.
- Samstarf við Framhaldsskóla í Austur-Skaftafellssýslu um gerð kennsluhugmynda tengdum Vatnajökulsþjóðgarði.
- Vinna við kennslueiningar tengdar sjávarútvegi, hugmyndavinna fer af stað og fundað verður með samstarfsaðilum.

Ljúka við skýrslu um formlegt mat á námskeiðinu *Náttúruvísindi á 21. öld* sem var við Menntavísindasvið HÍ vorönn 2014.

Undirbúningur FIRST LEGO League keppni grunnskólanema sem HÍ heldur 14. nóvember nk.

Vinna NaNO hópsins er styrkt af Aldarafmællissjóði HÍ, Þróunarsjóði námsgagna, Kennslumálasjóði HÍ, Endurmenntunarsjóði grunnskóla, Vinum Vatnajökuls og Rannsóknasjóði síldarútvegsins.

Birgir U. Ásgeirsson, Ester Ýr Jónsdóttir og Svava Pétursdóttir

NaNO
Náttúruvísindi á nýrri öld